



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Nefndasvið Alþingis,  
Austurstræti 8-10

150 REYKJAVÍK

**Alþingi**  
**Erindi nr. P 143/1391**  
**komudagur 3.4.2014**

Reykjavík, 3. apríl 2014

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum um markaðar tekjur ríkissjóðs, 306. mál.**

Samtökum atvinnulífsins hefur borist frá fjárlaganefnd ofangreint mál til umsagnar. Tilgangur með frumvarpinu er „að draga úr þeirri viðtæku mörkun ríkistekna sem lengi hefur tíðkast, bæði til að einfalda og styrkja fjárstjórnarvald Alþingis og fjármálastjórn stjórnarsýslunnar og til að draga úr ógagnsæi og sveiflum sem þetta fyrirkomulag veldur í fjárreiðum þeirra aðila sem tekjurnar renna til“.

Samtökin taka undir sjónarmið sem liggja að baki tilgangs frumvarpsins. SA telja að skattlagning eigi að vera sem almennust þó að í undantekningartilvikum sé réttlætanlegt að afmarka fjármögnun viðbótarútgjalda við þrengri hóp gjaldenda í stað þess að hækka skattprósentur almennra skatta. Lögbinding markaðra tekna eykur kostnað við innheimtu og dregur úr getu skattyfirvalda til eftirlits.

SA telja það óásættanlegt að draga úr mörkun ríkistekna án þess að afnema jafnframt tekjustofninn. Annað stríðir gegn tilgangi upphaflegrar lagasetningar.

Í öðru lagi mótmæla SA að í frumvarpinu sé lagt til að breyta ráðstöfun tryggingagjalds. Tryggingagjaldi er ætlað að fjármagna lögbundin iðgjöld sem tengjast réttindum launafólks á grundvelli samkomulags ríkisins og aðila á vinnumarkaði. Um tryggingagjaldið gilda allt önnur lögmál en um aðra markaða tekjustofna ríkisins og tengist það samningum um kaup og kjör á vinnumarkaði.

Í þriðja lagi mótmæla SA því að verið að sé aftengja 0,05% markaðsgjald af gjaldstofni tryggingagjalds, rekstri Íslandsstofu.

SA telja því nauðsynlegt að fram fari, áður en lengra er haldið, nánari skoðun á uppruna og eðli markaðra tekjustofna sem samkvæmt frumvarpinu eiga að renna í ríkissjóð í stað tiltekinna stofnana eða verkefna.

#### **Tryggingagjaldið og ábyrgð aðila vinnumarkaðarins**

Samtök atvinnulífsins geta tekið undir sjónarmið um að stjórnvöld og Alþingi séu illa í stakk búin til að taka ákvörðun við afgreiðslu fjárlaga um upphæð tryggingagjaldsins og skiptingu þess niður á réttindi sem launafólk í landinu ávinnur sér.

Eðlilegra er að aðilar vinnumarkaðarins beri meginábyrgð á skipulagi og framkvæmd atvinnuleysistrygginga, fæðingar- og foreldraorlofs og jöfnun á örorkubyrði lífeyrissjóða til þess að stuðla að betri þjónustu, aukinni hagkvæmni og minni misnotkun. SA telja mikilvægt að stofnun sem tæki á móti tryggingagjaldinu og ráðstafaði því til framangreindra verkefna verði ekki skilgreind sem ríkisstofnun í A- eða B-hluta ríkissjóðs. Slík C-hluta stofnun og sjóðir henni tilheyrandi nyti engu að



síður bakábyrgðar ríkissjóðs og ætti þess kost að fá lán hjá ríkissjóði við tiltekna aðstæður. Sjóðirnir yrðu raunverulegir sjóðir sem væru í eðli sínu hagsveiflujafnandi og iðgjöld til þeirra stillt þannig af að þeir stækki þegar vel árar í atvinnulífinu og minnki þegar illa árar.

Samtök atvinnulífsins leggja hins vegar áherslu á að réttindakerfin sem tryggingagjaldinu er ætlað að fjármagna verði áfram lögbundið og að allir launþegar njóti þeirra trygginga sem kerfið býður upp á.

Tryggingagjaldið sem lögfest var árið 1990 er innheimt sem ákveðið hlutfall af öllum launum og þóknunum fyrir starf til að standa undir áunnum réttindum launafólks. Gjaldskyldan tekur til allra launagreiðenda og allra þeirra sem vinna við eigin atvinnurekstur eða stunda sjálfstæða starfsemi.

Tryggingagjaldið hefur frá upphafi byggst á samkomulagi ríkisins og aðila vinnumarkaðarins. Tekjum af tryggingagjaldi var upphaflega ráðstafað til að fjármagna lögbundin útgjöld Atvinnuleysistryggingasjóðs (og starfsemi Vinnueftirlits ríkisins) en tekjum umfram það var ætlað að renna til Tryggingastofnunar ríkisins til að fjármagna lífeyris- og slysatryggingar almannatrygginga að hluta.

Árið 2001 var tryggingagjaldið hækkað og hækkunin mörkuð nýstofnuðum fæðingarorlofssjóði sem ætlað var að standa undir greiðslu fæðingarorlofs á grundvelli laga nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof. Lögin tóku hliðsjón af tillögum Alþýðusambands Íslands, Bandalags háskólamanna, Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, Kennarasambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins um nýtt kerfi fæðingarorlofs þar sem allir foreldrar byggju við sama rétt.

Í tengslum við samkomulag ASÍ og SA um áframhaldandi gildi kjarasamninga í nóvember 2005 var gert samkomulag milli ASÍ og SA annars vegar og ríkisstjórnar hins vegar, sem Alþingi staðfesti með lögum nr. 177/2006, um að hluta tryggingargjalds yrði ráðstafað til þess að lækka og jafna örorkubyrði lífeyrissjóða. Eins og kunnugt er leggst örorkubyrði afar misjafnlega á lífeyrissjóðina, og skerðir rétt sjóðfélaga til ellilífeyris misjafnlega eftir lífeyrissjóðum og bera sjóðir með hátt hlutfall verkafólks mestar byrðar. Fjárlagaliðurinn „jöfnun á örorkubyrði lífeyrissjóða“ var fyrst á fjárlögum árið 2007. Samkvæmt samkomulaginu renna 0,325% af gjaldstofninum til allra lífeyrissjóða, þ.m.t. lífeyrissjóða opinberra starfsmanna. Framlaginu er skipt eftir nánar skilgreindum aðferðum sem fjármálaráðherra útfærir með reglugerð.

Í ljósi þessa og með auknum greiðslum launafólks og atvinnurekenda til lífeyrissjóða er eðlilegt að tryggingagjaldið takmarkist við að fjármagna framangreind réttindi launafólks og þeirra sem stunda sjálfstæða starfsemi. Lífeyris- og slysatryggingar almannatrygginga verði hins vegar fjármagnaðar með almennri skattlagningu.

Samkvæmt gildandi lögum skal atvinnutryggingagjald vera breytilegt eftir því hve atvinnuleysi er mikið og var hækkað verulega árið 2009 þegar atvinnuleysi jókst mikið en samhliða minnkandi atvinnuleysi hefur gjaldið verið lækkað en almenna tryggingagjaldið hækkað á móti, einkum í tíð núverandi ríkisstjórnar. Um þá skattahækkun á atvinnulífið er engin sátt.

### Markaðsgjaldið og rekstur Íslandsstofu

SA lýsa andstöðu sinni við áform þessa frumvarps að aftengja 0,05% markaðsgjald rekstri Íslandsstofu. Í stað þess er mikil þörf á að breyta lögum og treysta í sessi að Íslandsstofa sé sjálfstæð stofnun atvinnulífs og ríkisins fjármögnuð með sérstöku gjaldi sem lagt er á með samkomulagi aðila. Í greinargerð frumvarpsins kemur fram sá misskilningur að Íslandsstofa sé hefðbundin ríkisstofnun.



Íslandsstofa á sér langa sögu og var upphaflega sett á laggirnar sem hluti af starfsemi Félags íslenskra iðnrekenda við inngöngu Íslands í EFTA. Hún varð síðar Útflutningsmiðstöð iðnaðarins og svo Útflutningsráð. Allan tímann hefur ríkt samkomulag milli ríkisins og atvinnulífsins um fjármögnun, stjórnun og rekstur starfseminnar. Hér er um að ræða samstarfsverkefni (e. Public Private Partnership) sem eðlilegt er að njóti einkaréttarlegrar stöðu þótt fjármögnuð sé með sérstöku gjaldi.

Með lögum nr. 38/2010 var Íslandsstofa sett á laggirnar, á grunni Útflutningsráðs Íslands, með sérstaka stjórn að meiri hluta skipaðri fulltrúum atvinnulífsins. Stofnunin er vettvangur þar sem að aðilar í útflutningi, ferðaþjónustu og þekkingariðnaði og stjórnvöld eiga með sér náð samráð um ímyndar- og kynningarmál Íslands og að efla og standa vörð um orðspor Íslands erlendis. Helsti tekjustofn Íslandsstofu, eins og forvera hennar, hefur verið 0,05% markaðsgjald, sem lagt er á gjaldstofn tryggingagjalds.

Samtök atvinnulífsins telja mikilvægt að tryggja einkaréttarlega stöðu Íslandsstofu í stað þess að hún sé bundin af reglum stjórnsýsluréttar, t.a.m. við ráðningu starfsfólks. Reglurnar draga úr hraða og skilvirkni við ákvarðanatöku. Þá hefur umboðsmaður Alþingis bent á meinbugi þess að í lögum sé ekki tekin skýr afstaða til þess hvort stofan skuli teljast til stjórnvalda eða einkaaðila.

Til að eyða þeirri óvissu sem umboðsmaður Alþingis bendir á leggja Samtök atvinnulífsins til að bætt verði inn í lög um Íslandsstofu svohljóðandi ákvæði:

Reglur stjórnsýsluréttar gilda ekki um Íslandsstofu. Ákvæði stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, og upplýsingalaga, nr. 140/2012, taka ekki til Íslandsstofu eða þeirra gagna sem hún aflar sér, útbýr eða lætur útbúa.

Ákvæði laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, gilda ekki um Íslandsstofu eða starfsmenn hennar.

Þessar breytingar eru eðlilegar í ljósi þess að meginhlutverk Íslandsstofu er ekki að taka ákvarðanir um réttindi og skyldur manna, heldur er fyrst og fremst um að ræða samstarfsvettvang opinberra aðila og einkaaðila um kynningar- og ímyndarmál Íslands. Svipar starfsemi Íslandsstofu því fremur til einkaréttarlegrar starfsemi en stjórnsýslu.

Virðingarfyllt,

f.h. Samtaka atvinnulífsins

Þorsteinn Víglundsson